

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði).

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skal Jöfnunarsjóður á árunum 2015, 2016 og 2017 greiða sveitarfélögum sérstakt framlag sem tekið skal af tekjum sjóðsins skv. a-lið 1. mgr. 8. gr. a áður en tekjunum er ráðstafað samkvæmt ákvæði 9. gr. Árlegt heildarframlag sjóðsins samkvæmt þessu skal á hverju þessara ára samsvara 2,12% af tekjum ríkissjóðs það ár af sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 155/2010, með síðari breytingum.

Til viðbótar við sérstakt framlag ársins 2015 skv. 1. mgr. skal bætast framlag Jöfnunarsjóðs sem samsvarar 1,06% af tekjum ríkissjóðs á árinu 2014 af sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 155/2010, með síðari breytingum.

Sérstök framlög skv. 1. mgr. skulu ár hvert skiptast milli sveitarfélaga í samræmi við hlutdeild þeirra í álöögðu heildarútsvari næstliðins árs. Sérstakt viðbótarframlag skv. 2. mgr. skal skiptast milli sveitarfélaga í samræmi við hlutdeild þeirra í álöögðu heildarútsvari ársins 2013.

Ráðherra setur reglugerð um fyrirkomulag greiðslna Jöfnunarsjóðs á sérstökum framlögum samkvæmt þessu ákvæði og uppgjör hvers árs að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að auknum tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna álagningar sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 155/2010 frá miðju ári 2014 og út árið 2017 verði úthlutað til sveitarfélaga í samræmi við hlutdeild þeirra í álöögðu heildarútsvari til að veða á móti þeim áhrifum sem lög nr. 40/2014, um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislaða og húsnæðissparnaðar, hafa á útsvarstekjur sveitarfélaganna. Frumvarpið hefur hins vegar ekki áhrif á heildarframlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna.

Frumvarpið er samið í innanríkisráðuneytinu að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og er efni þess í samræmi við samþykkt stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. júní 2014. Frumvarpið var kynnt til umsagnar á vefsíðu ráðuneytisins í september 2015, auk þess sem það var sent sveitarfélögunum til kynningar, en engar athuga-

semdir bárust. Frumvarpið er efnislega samhljóða frumvarpi innanríkisráðherra sem lagt var fram á Alþingi á síðastliðnu vörþingi, en ekki var mælt fyrir því (574. mál 144. löggjafarþings). Þar sem frumvarpið hefur ekki áhrif á heildarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er ekki tilefni til að framkvæma mat á áhrifum þess á fjárhag sveitarfélaga skv. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Samkvæmt a-lið 8. gr. a laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, er hluti tekna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga framlag úr ríkissjóði sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Auknar tekjur ríkissjóðs vegna álagningar sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 155/2010 skila því auknum tekjum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem þessu hlutfalli nemur. Áætlað er að á fyrri hluta framangreinds tímabils, frá miðju ári 2014 og út árið 2015, nemi þær tæpum 1,1 milljarði kr. Að óbreyttu verður þessum auknu tekjum Jöfnunarsjóðs ráðstafað til sveitarfélaganna eftir almennum reglum laga nr. 4/1995 um úthlutanir úr sjóðnum. Frumvarpið felur hins vegar í sér að frá miðju ári 2014 og út árið 2017 verði hinum auknu tekjum skipt milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við hlutdeild þeirra í álögdðu heildarútsvari á landsvísu og þar með í réttu hlutfalli við þau áhrif sem ákvæði laga nr. 40/2014 hafa á útsvarstekjur sveitarfélaganna.

Sambærilegt ákvæði var í frumvarpi innanríkisráðherra um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, sem varð að lögum í desember 2014, en var þá fellt brott að tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis (366. mál 144. löggjafarþings). Taldi nefndin að ákvæðið þarfnaðist nánari skoðunar í ljósi athugasemda sem henni höfðu borist og þess skamma fyrirvara sem hún hafði til meðferðar málsins. Í kjölfar þess var ákvæðið endurskoðað af hálfu ráðuneytisins í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, en sú endurskoðun leiddi ekki til breytinga á þeirri grunnhugsun sem ákvæðið byggist á. Sú breyting var hins vegar gerð að við skiptingu framlagsins skyldi horft til hlutdeildar sveitarfélaga í álögdðu heildarútsvari í stað hlutdeildar þeirra í heildarútsvarsstofni. Ákvarðanir einstakra sveitarfélaga um álagningarhlutfall útsvars skipti þannig máli við ákvörðun hlutdeildar viðkomandi sveitarfélags í þessu sérstaka framlagi. Þar sem úthlutun sérstaks framlags Jöfnunarsjóðs vegna tímabilsins frá miðju ári 2014 til áramótanna 2014–2015 fer nú ekki fram fyrir en á árinu 2015 er jafnframt kveðið sérstaklega á um það hvernig staðið skuli að úthlutun þess, sbr. 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti,
skrifstofa opinberra fjármála:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði).

Í frumvarpi þessu er lagt til í nýju bráðabirgðaákvæði að auknum tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna álagningar sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 155/2010, frá miðju ári 2014 og út árið 2017, verði veitt til sveitarfélaga í samræmi við hlutdeild þeirra í álögdðu heildarútsvari. Er framlaginu ætlað að vega á móti þeim áhrifum sem lög nr. 40/2014, um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðisparnaðar, hafa á útsvarstekjur sveitarfélaganna en gert er ráð fyrir að sú lagasetning feli í sér tímabundna lækkun á þeim tekjum vegna meiri sparnaðar í formi séreignar og skattfrelsis iðgjalda. Í þessu sambandi ber þó að hafa í huga að frá árinu 2009 hafa útsvarstekjur sveitar-

félaga vegna sérstakrar úttektar séreignarsparnaðar aukist um tæpa 14,5 mia.kr. Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga er hluti tekna Jöfnunarsjóðs framlag úr ríkissjóði sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að gert sé ráð fyrir að tekjur Jöfnunarsjóðs muni aukast um samtals 1,1 mia.kr. á fyrri hluta tímabilsins, þ.e. frá miðju ári 2014 og út árið 2015, vegna álagningar áður nefnds skatts á fjármálafyrirtæki (svonefnds bankaskatts). Hins vegar er töluverð óvissa um áframhaldandi álagningu skattsins, og þar með þennan tekjuauka sveitarfélaganna, þar sem vera má að hann falli niður hjá núverandi slitabúum viðskiptabankanna í tengslum við ráðstafanir um losun fjármagnshafna. Til að tryggja sé að tekjuaukningu áráanna 2014 og 2015 verði skipt í réttu hlutfalli við fyrrgreint útsvarstekjutap einstakra sveitarfélaga er í frumvarpinu sem fyrr segir kveðið á um sérstakt framlag sem verði deilt út á grundvelli hlutdeildar sveitarfélaganna í álögdðu heildarútsvari næstliðins árs. Þetta ákvæði frumvarpsins mun ekki hafa áhrif á útgjöld eða tekjur sveitarfélaga í heild heldur hefur það eingöngu áhrif á skiptingu þeirra auknu tekna sem renna í Jöfnunarsjóð vegna bankaskattsins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa fjárhagsleg áhrif fyrir ríkissjóð.